



REGLUGERÐ

Um íshokkí kvenna

1. gr.

Skipa skal nefnd um íshokkí kvenna á vegum ÍHÍ og skal hún skipuð að lágmarki þremur og að hámarki fimm aðilum sem skipta með sér verkum. Stjórn ÍHÍ tilnefnir í nefndina og skal stjórnarmaður veita nefndinni forystu.

2. gr.

Hlutverk nefndarinnar er að starfa að málum er snúa að íshokkí kvenna.

3. gr.

Nefndin skal móta og viðhalda stefnu fyrir framþróun íshokkís kvenna á Íslandi.

4. gr.

Nefndin skal gera áætlun um þróun á íshokkí kvenna á Íslandi bæði til skamms og lengri tíma og vinna að því að áætluninni sé fylgt eftir.

5. gr.

Nefndin skal styðja við starfssemi annarra nefnda í málum er lúta að íshokkí kvenna.

6. gr.

Halda skal fundi eins oft og þurfa þykir og er heimilt að halda símafundi.

7. gr.

Nefndin skal skila skýrslu um starfssemi sína til stjórnar ÍHÍ mánuði fyrir Íshokkíþing.

Samþykkt á Íshokkíþingi, 11. maí 2019.